

Nd.

## 643. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:  
Skal félagsmálaráðuneytið skipa nefnd, er gerir í byrjun hvers fjárhags-  
árs, að fengnum tillögum mannelisráðs, sveitarstjórna og framfærslunefnda,  
áætlun um nauðsynlega framfærslu heimila skv. gildandi verðlagi á hverjum  
stað, er farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í  
heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa,  
og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður skv.  
skránni. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn, á þann veg, að prófessorinn  
í heilsufræði við Háskóla Íslands sé sjálfkjörinn formaður hennar, einn sé til-  
nefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn af stjórn kvenfélagabandalagsins, einn  
af Tryggingaráði og einn án tilnefningar.
2. Við 9. gr. Tveir síðustu másl. orðist svo: Meðan hann dvelst þar, á hann fram-  
færslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slik dvöl hans hófst, en  
öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni. Sá, er dvalið hefur  
í fangahúsi eða vinnuhæli, öðlast þó ekki framfærslurétt í þeirri sveit, er hann  
tekur sér lögheimili í, að vistinni lokinni fyrir en hann hefur komið af styrk-  
laust í 2 ár samfleytt.
3. Við 23. gr. Í stað fyrsta málsliðar kemur:  
Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá,  
er þarfnast opinberrar hjálpar, senda til formanns framfærslunefndar eða í skrif-  
stofu nefndarinnar skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilis-  
högum hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum  
skylt að greina rétt frá högum sínum, að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra  
láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og  
sveitarstjórnnum.
4. Við 24. gr. Í stað „yfirstjórnar framfærslumálanna“ í niðurlagi síðari málsgr.  
kemur: nefndar þeirrar, er um getur í 1. gr.
5. Við 31. gr. Greinina skal orða svo:  
Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema framfærsluþurfi óski  
annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu  
fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðs-  
læknis. Framfærsluþurfa skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálf-  
ur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem héraðslæknir telur sanngjarnt,  
enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa framfærslu-  
þurfa. Þar, sem almenningismótuneyti er starfrækt, skal framfærsluþurfa gefinu  
kostur á að fá mat sinn þar og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum,  
sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat  
þangað.
6. Við 35. gr. Í stað „Innausveitarmenn hafa“ í upphafi síðari málsgr. kemur:  
Hver maður hefur.
7. Við 36. gr. Greinin orðist svo:  
Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem undir umsjá hennar eru,  
fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.
8. Við 42. gr.
  - a. Í stað 1. málsgr. koma tvær málsgr., svo hljóðandi:  
Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er, sjá vinnufærum framfærsluþurfum  
fyrir viðunalegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða,  
enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum.

Skýlt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefur vísað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfaris, en geti hins vegar orðið til þess, að hann verði af betri vinnu annars staðar.

- b. Í stað orðanna „Á sama hátt getur framfærsluveit styrkþega látið hann“ í upphafi 2. málgr. kemur: Sveitarstjórn getur látið styrkþega.
9. Við 45. gr. Greinin falli burt.
  10. Við 56. gr. Á eftir 7. tölul. koma þrjú nýir töluliðir:
    8. Styrk veittan í veikindum fyrirvinnu.
    9. Styrk veittan vegna ómegðar.
    10. Styrk veittan mæðrum, sem börn hafa á framfæri, og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.
  11. Við 57. gr. Við gr. bætist nýr málsl.: Skal hún ávallt ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega.
  12. Við 59. gr. Í stað „68. gr.“ kemur 58. gr. (Leiðrétting).
  13. Við 61. gr. Í stað „68. gr.“ kemur: 58. gr. (Leiðr.).